



AKUREYRARBÆR
VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI - VMA
DEILISKIPLAG - TILLAGA
GREINARGERÐ MEÐ SKIPLAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLUM



ÚTGÁFA 0.0

28.05.2014

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



Samþykktir.....	3
1 Yfirlit.....	4
1.1 Aðdragandi og tilgangur	4
1.2 Almennar upplýsingar.....	5
1.3 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð	5
1.4 Skipulagsleg staða.....	5
1.5 Minjar	7
1.6 Gögn deiliskipulags	7
2 Deiliskipulag	8
2.1 Skólahúsnæði.....	8
2.1.1 Íþróttahús og íþróttasvæði	8
2.1.2 Verknámsbygging	8
2.1.3 Viðbygging við bókasafn.....	8
2.1.4 Viðbygging við samkomusal / gryfju	10
2.1.5 Viðbygging við A-álmu.....	11
2.1.6 Tengibygging á milli álma C og D.....	11
2.2 Lóðir	12
2.3 Byggingarreitir	12
2.4 Samgöngur.....	12
2.4.1 Gatnakerfi.....	12
2.4.2 Stígar og stéttar	12
2.4.3 Bílastæði	13
2.4.4 Hjólastæði	13
2.4.5 Almennings­samgöngur.....	14
2.5 Almenningsgarður/útvistarsvæði	14
2.6 Gámasvæði	14
2.7 Veitur	15
2.7.1 Rafmagn og vatn	15
2.7.2 Fráveita.....	15
2.8 Skilti	15

3	Almennir skilmálar	16
3.1	Almennt	16
3.2	Hönnun og uppdrættir.....	16
3.3	Mæliblöð.....	16
3.4	Sorpgeymslur og sorpgámar.....	16
3.5	Frágangur lóða.....	16
3.6	Umhverfisáhrif.....	17
4	Sérákvæði.....	18
4.1	Almennt	18
4.2	A – Viðbyggingar við núverandi skóla.....	18
4.3	B – Nýbygging – verknám	18
4.4	C – Nýbygging – íþróttahús.....	18
5	Húsakönnun	19

Uppdráttur á forsíðu er aðeins til skýringar og sýnir ekki endanlega úrfærslu eða hönnun.

Samþykktir

Tillagan var auglýst frá _____ til _____

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____

Bæjarstjóri Akureyrar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

1 Yfirlit

Landslag ehf. vinnur nú að gerð deiliskipulags sem nær til göturreits umhverfis lóð Verkmenntaskólans á Akureyri.

Við upphaf verksins var stofnaður vinnuhópur innan skólans sem hefur komið að mótun tillögu að deiliskipulagi svæðisins.

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984 í nýju húsnæði skólans við Hringteig 2 á Eyrarlandsholti. Fyrsta skólaárið voru nemendur 780 en tæpum 30 árum síðar eru þeir rúmlega 1300. Fyrsti áfangi skólans var tæplega 1.200 m² en síðan hafa verið byggðir 10 áfangar og er heildarstærð skólans nú rúmlega 14.000 m².

Aldrei hefur verið gert deiliskipulag af skólalóðinni og nánasta umhverfi þrátt fyrir að byggðir hafi verið 10 áfangar af skólahúsnæði. Að mati skólameistara VMA og vinnuhóps deiliskipulags er talin þörf á að byggja a.m.k. 4.000 m² af skólahúsnæði til viðbótar við núverandi byggingar svo að húsnæði skólans uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis fyrir þann fjölda nemenda sem stundar nám við skólann. Um 1300 nemendur stunda nám við skólann og gert er ráð fyrir að þeir verði að hámarki 1400.

Við upphaflega hönnun skólans var gert ráð fyrir að nemendur skólans yrðu að hámarki 700 og því er þörf á að auka og bæta húsnæði skólans til að bregðast við þeim fjölda sem stundar þar nám. Skólinn þarf að geta þróast í takt við breytingar í umhverfi sínu og því er tímabært að vinna deiliskipulag af skólalóðinni og nánasta umhverfi.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags var samþykkt til kynningar á fundi skipulagsnefndar 27. febrúar 2013 og á fundi bæjarstjórnar 5. mars 2013. Skipulagslýsingin var auglýst frá 13. – 27. mars 2013 en engar athugasemdir komu við auglýsta lýsingu.

Við upphaf vinnu við deiliskipulag var talin þörf á um 1.000 m² af skólahúsnæði til viðbótar við núverandi byggingar. Þegar vinnuhópur deiliskipulagsins skoðaði málið betur var talin þörf á um 4.000 m² af auknu byggingarmagni, en vegna þessara breyttu forsenda var ákveðið að auglýsa skipulagslýsingu (breytta) að nýju. Breytt skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags var samþykkt til kynningar á fundi skipulagsnefndar 12. mars 2014 og á fundi bæjarstjórnar 18. mars 2014. Skipulagslýsingin var auglýst frá 19. mars – 2. apríl 2014 en engar athugasemdir komu við auglýsta lýsingu.

1.2 Almennar upplýsingar

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera deiliskipulag fyrir lóð Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) við Hringteig 2 og næsta nágrenni. Skilmálar þessir gilda fyrir skipulagssvæðið sem nánar er skilgreint í kafla 1.3.

Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis.

1.3 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Svæðið / götुरeirurinn sem deiliskipulagið nær til afmarkast af Mímisbraut, Hringteig og Mýrarvegi. Mímisbraut og hluti Mýrarvegs eru innan skipulagssvæðisins til að mörk skipulagslagnsins séu í samræmi við mörk aðliggjandi deiliskipulags. Skipulagssvæðið er alls um 6,7 ha að flatarmáli.

Innan skipulagssvæðisins er m.a. lóð Verkmenntaskólans á Akureyri og byggingar skólans.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins (gul lína).

1.4 Skipulagsleg staða

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er skipulagssvæðið allt skilgreint sem *blönduð landnotkun; svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota.*

Skipulagsákvæði fyrir svæðið í aðalskipulagi eru að uppbygging sé samkvæmt deiliskipulagi og að um sé að ræða stofnanasvæði með útvistargildi.

Í kafla 4.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir er eftirfarandi umfjöllun um stofnanalóðir með útivistargildi:

- Víða um bæinn eru stórar stofnanalóðir sem nýtast íbúum til leikja, íþróttar og ýmissa athafna og hafa þannig ótvírætt almennt útivistargildi. Nokkur slík svæði eru auðkennd á aðalskipulagsupprætti sem stofnanalóðir með útivistargildi.

Í kafla 2.3.6 Menningar- og menntamál er eftirfarandi deilimarkmið fyrir framhaldsskóla:

- Fjölbreytt framhaldsskólanám verði í boði og skólunum verði tryggðir vaxtarmöguleikar. Leiðir almenningsvagna að skólunum verði sem bestar og göngu- og hjólreiðastígar sem greiðfærastir.

Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins.

Tillaga að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 (sjá kafla 3.6)



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Akureyrar 2005-2018. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er röndótt, grænt og appelsínugult, og auðkennt með númerinu 2.52.19 S/O.

1.5 Minjar

Vegna vinnu við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var unnin fornleifaskráning í landi Akureyrarbæjar. Engar fornminjar eru skráðar á skipulagssvæðinu.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

”Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”

1.6 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulag lóðar Verkmenntaskólans á Akureyri og næsta nágrenni samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:1000 í A2.
- Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:1000 í A2.

2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til fyrir lóð Verkmenntaskólans en talin er þörf á deiliskipulagi fyrir lóðina og svæðið umhverfis. Í deiliskipulagi er gerð grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

2.1 Skólahúsnæði

Núverandi skólahúsnæði innan lóðarinnar er 14.340 m² og hefur uppbyggingin verið í 10 áföngum frá árinu 1984 (sjá nánar í kafla 5, húsakönnun).

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur nýjum byggingum auk viðbygginga við núverandi skólahúsnæði svo að húsnæði skólans uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis fyrir þann fjölda nemenda sem stundar nám við skólann. Heildargólfhlötur nýrra bygginga og viðbygginga er um 4.100 m².

Hér að neðan eru tillögur að uppbyggingu skólahúsnæðis, en skilmála fyrir byggingar innan byggingarreita má sjá í kafla 4.

2.1.1 Íþróttahús og íþróttasvæði

Gert er ráð fyrir íþróttahúsi á suðurlóð skólans, sunnan við C-álmnu núverandi skólahúsnæðis. Gert er ráð fyrir að íþróttakennsla skólans fari fram í húsinu en að jafnframt verði möguleiki á að leigja íþróttasalinn út á þeim tímum þegar ekki er kennsla í húsinu. Gert er ráð fyrir að íþróttasalur sem rúmar handboltavöll í fullri stærð (40x20m) verði í suðurhluta hússins en að í norðurenda þess verði búningsherbergi, forstofa og aðstaða starfsfólks á jarðhæð og kennslustofur á efri hæð.

Sunnan og vestan íþróttahús er gert ráð fyrir fjölnota íþróttasvæði og grasæfingasvæði sem bæði nýtast við kennslu og einnig almenningi utan skólatíma. Þá er gert ráð fyrir sparkvelli vestan íþróttahúss og sunnan fyrirhugaðra bílastæða.

2.1.2 Verknámsbygging

Gert er ráð fyrir verknámsbyggingu á suðurlóð skólans, sunnan við A-álmnu núverandi skólahúsnæðis. Í húsinu er m.a. gert ráð fyrir að bifvélavirkjun hafi kennsluáðstöðu en í dag er bifvélavirkjun kennd í leiguhúsnæði utan skólasvæðisins. Aðkoma vegna bifvélavirkjunar verður um plan sunnan byggingarinnar en þar er gert ráð fyrir geymslu- og útisvæði vegna bifvélavirkjunar sem og stórum vinnuhurðum á byggingunni. Tenging verður að plani sunnan byggingarinnar frá fyrirhugaðri stækkun bílastæða austan hennar. Gert er ráð fyrir að verknámsbygging geti tengst viðbyggingu við samkomusal með léttri tengbyggingu.

2.1.3 Viðbygging við bókasafn

Núverandi bókasafn er staðsett í miðrými skólans, á milli álma B og C. Bókasafnið er hannað miðað við um 700 nemendur en brýn þörf er á stækkun þar sem nemendur við skólann eru um 1300. Gert er ráð fyrir möguleika á viðbyggingu við bókasafn til suðurs, inn í inngarð sem er á milli álma B og C,

suður fyrir gönguás sem er á milli álmana. Gert er ráð fyrir að aðeins þurfi að byggja útveggi til suðurs en að núverandi útveggir álmana muni nýtast sem veggir fyrirhugaðra viðbygginga.



Mynd 3. Dæmi um hvernig porti hefur verið breytt í bókasafn við Kunglinga Tekniska Höskólann í Stokkhólmi.

Viðbygging þessi yrði um 300 m² að stærð, um 4 m að hæð og í álíka byggingarstíl og núverandi miðrými skólans. Með þessari stækkun mun skapast mun betra rými fyrir bókasafnið auk þess sem skólastofur sem snúa að því svæði sem viðbyggingin mun ná yfir gætu nýst starfsemi safnsins. Þá er gert ráð fyrir að gönguás á milli álma B og C verði innan viðbyggingar en með því má gera ráð fyrir að sú leið verði betur nýtt þar sem ekki þarf að fara út úr skólabyggingunni til að fara á milli álma.



Mynd 4. Séð úr suðri inn í inngarð og að bókasafni. Rauð lína sýnir hversu langt viðbygging getur náð.

2.1.4 Viðbygging við samkomusal / gryfju

Nú verandi samkomusalur er staðsettur í miðrými skólans, á milli álma A og B. Salurinn er hannaður miðað við um 700 nemendur en brýn þörf er á stækkun þar sem nemendur við skólann eru um 1300. Salurinn/gryfjan er einnig nýttur sem matsalur þar sem mötuneyti skólans er staðsett í austurenda hans. Gert er ráð fyrir möguleika á viðbyggingu við salinn til suðurs, inn í inngarð sem er á milli álma A og B, suður fyrir gönguás sem er á milli álmana.

Viðbygging þessi yrði um 500 m² að stærð, um 4 m að hæð og í álíka byggingarstíl og núverandi miðrými skólans. Með þessari stækkun myndi skapast mun betra rými til samkomuhalds auk þess sem matsalur skólans myndi stækka til muna og anna þar með betur þeim fjölda sem nýtir salinn. Þá er gert ráð fyrir að gönguás á milli álma A og B verði innan viðbyggingar en með því má gera ráð fyrir að sú leið verði betur nýtt þar sem ekki þarf að fara út úr skólabyggingunni til að fara á milli álma.



Mynd 5. Séð úr suðri inn í inngarð og að samkomusal. Rauð lína sýnir hversu langt viðbygging getur náð.



Mynd 6. Séð úr norðri frá útvegg samkomusals. Rauð lína sýnir hversu langt viðbygging getur náð.

2.1.5 Viðbygging við A-álmnu

Gert er ráð fyrir að einni einingu verði bætt við A-álmnu til suðurs til að bæta aðstöðu kennara sem hafa aðstöðu sína í álmunni. Viðbygging þessi yrði um 200 m² að stærð og í sama byggingarstíl og aðrir hlutar álmunnar.



Mynd 7. Séð úr suðvestri að núverandi A-álmnu og því svæði sem fyrirhuguð viðbygging mun ná yfir.

2.1.6 Tengibygging á milli álma C og D

Gert er ráð fyrir að byggð verði létt tengibygging á milli álma C og D þar sem núverandi gönguás er á milli álmanna. Með þeirri tengibyggingu ásamt viðbyggingum við bókasafn og samkomusal er hægt að ganga innandyra á milli álma A og D, um gönguás sem er utandyra í dag á milli álmanna.



Mynd 8. Séð úr norðri frá útvegg miðrýmis inn í inngarð. Rauð lína sýnir líklegar útlínur tengibyggingar.

2.2 Lóðir

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Innan deiliskipulagssvæðisins er aðeins ein lóð, lóð Verkmenntaskólans á Akureyri og er hún 56.983 m² að stærð. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum í deiliskipulagi þessu.

Nýtingarhlutfall lóðar Verkmenntaskólans á Akureyri skal að hámarki vera 0,33.

2.3 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóðinni og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

2.4 Samgöngur

Í deiliskipulaginu er hvatt til vistvænni samgöngumáta með áherslu á gott stígakerfi sem nýtist gangandi og hjólandi á leið til og frá skóla. Þá er ýtt undir notkun almenningsamgangna með fjölgun stoppistöðva SVA og bættu aðgengi frá þeim að skólanum.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða í samræmi við það byggingarmagn sem ráðgert er að byggja á lóðinni og því er gert ráð fyrir færri bílastæðum á hvern fermetra skv. uppbyggingu en fyrir er.

2.4.1 Gatnakerfi

Lóð Verkmenntaskólans á Akureyri er umlukin götum á alla kanta. Norðan lóðarinnar liggur Mímisbraut, vestan hennar Mýrarvegur og austan hennar Hringteigur. Mýrarvegur og Hringteigur tengjast saman sunnan lóðar VMA. Mímisbraut og Hringteigur eru með hámarkshraða 30 km/klst. en hámarkshraði á Mýrarvegi er 50 km/klst. Gert er ráð fyrir að hámarkshraði þessa gatna verði óbreyttur í deiliskipulagi. Sex tengingar akandi umferðar eru inn á bílastæði skólans, tvær frá Mýrarvegi og fjórar frá Hringteig. Ekki er gert ráð fyrir að þessum tengingum fjölgi skv. deiliskipulagi.

2.4.2 Stígar og stéttar

Gangstéttar eru meðfram þeim götum sem liggja umhverfis lóð VMA en aðeins gangstéttin norðan Mímisbrautar er innan skipulagssvæðisins. Frá þeirri gangstétt eru tvær tvær göngutengingar inn á lóð VMA með gangbrautum yfir Mímisbraut, en aðeins önnur þeirra er innan skipulagssvæðisins. Þá eru göngutenging inn á lóð VMA með gangbraut yfir Mýrarveg, sunnan Hörpulundar. Um Hringteig eru þrjár göngutengingar inn á lóð VMA með gangbrautum.

Gert er ráð fyrir að einni göngutengingu verði bætt inn að lóð VMA og verður hún yfir Hringteig. Tengin þessi er austan gatnamóta við Mýrarveg (utan skipulagssvæðisins) og mun tengjast inn á fyrirhugað göngustígakerfi innan lóðarinnar. Innan lóðarinnar eru stígakerfi frá áður nefndum gangbrautum að inngöngum skólans. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stígakerfi í tengslum við uppbyggingu á suðurlóð skólans og tengjast þessir stígar núverandi og nýjum gangbrautum yfir götur við suðurlóð skólans. Allir stígar á suðurlóð skólans verða a.m.k. 2,5 m að breidd.

2.4.3 Bílastæði

Núverandi bílastæði innan skólalóðarinnar eru 379 og þar af eru 8 fyrir hreyfihamlaða¹. 89 (4) bílastæði eru staðsett vestan skólabygginga, 216 (1) eru staðsett norðan skólabygginga og 74 (3) eru staðsett austan skólabygginga.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun bílastæða vegna þeirrar uppbyggingar sem gert er ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að bílastæði austan skólabygginga stækki til suðurs og að bílastæðum þar fjölgi um 45. Þá er gert ráð fyrir nýju bílastæði sunnan D-álmú skólans sem tengist inn á núverandi bílastæði austan skólabygginga. Þar er gert ráð fyrir 26 (2) bílastæðum sem nýtast m.a. fyrirhuguðu íþróttahús sem gert er ráð fyrir á suðurlóð skólans.

Heildarfjöldi bílastæða innan skólalóðar skv. deiliskipulagi þessu er 450 og þar af eru 10 fyrir hreyfihamlaða.

Fyrir er um 1 bílastæði á hverja 38 m² en skv. uppbyggingu og fjölgun bílastæða í deiliskipulagi verður 1 bílastæði á hverja 41 m².

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

2.4.4 Hjólastæði

Hjólastæði (reiðhjólaborar) eru staðsettir við norðurinnangang skólans og einnig við starfsmannainngang til austurs. Stæði við norðurinnangang eru 40 en 20 við starfsmannainngang. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir fleiri hjólastæðum (reiðhjólaborum) á lóðinni, um 40 við aðalinngang í austri, um 40 við vesturinnangang, um 40 við íþróttahús og um 20 við nýja verknámsbyggingu. Góð aðstaða til geymslu reiðhjóla ásamt góðu stígakerfi og aðgengi hjólandi að og frá skólanum hvetja til þess að nemendur og starfsmenn noti hjól í ríkara mæli sem samgöngumáta til og frá skóla.



Mynd 9. Ný hjólastæði (reiðhjólaborar) við starfsmannainngang.

¹ Tölur innan sviga segja til um fjölda bílastæða á hverjum stað fyrir hreyfihamlaða.

2.4.5 Almenningsgöngur

Strætisvagnar Akureyrar (SVA) eru með 5 stoppistöðvar í nánd við skólann, við Mímisbraut og Mýrarveg, en af þeim eru þrjár innan skipulagssvæðisins. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að stoppistöð vestan við Mýrarveg, sunnan gatnamóta við Mímisbraut, færist um 50 m til norðurs en með færslunni er stoppistöðin nær gangbraut yfir Mýrarveg og í betri tengslum við stígakerfi að og frá skólanum. Gert er ráð fyrir nýrri stoppistöð norðan Mímisbrautar, rétt vestan við gatnamót við Hringteig. Stoppistöð á þessum stað er mun nær aðalinngangi skólans til austurs og er stígakerfi að skólanum frá stoppistöðinni þegar til staðar. Gert er ráð fyrir að nýtt stígakerfi á suðurlóð skólans tengist núverandi stoppistöð sem staðsett er innan skipulagssvæðisins, við gatnamót Mýrarvegar og Hringteigs.

2.5 Almenningsgarður/útvistarsvæði

Á suðurlóð skólans er gert ráð fyrir almenningsgarði og útvistarsvæði sem einnig nýtist skólanum við útikennslu. Útfærsla þessi er í samræmi við skipulagsákvæði fyrir svæðið í aðalskipulagi en þar segir m.a. að um sé að ræða stofnanalóð með útvistargildi. Gert er ráð fyrir leiksvæðum, borðum og bekkjum, grasflötum ásamt göngustígum sem nýtast jafnt almenningsgarði sem og nemum skólans. Gert er ráð fyrir trjágróðri í almenningsgarðinum og umhverfis hann til að skapa skjól og fegra umhverfið.

2.6 Gámasvæði

Gámasvæði skólans er staðsett á afgirtu plani norðan skólans, á milli bílastæðis og austasta hluta skólabyggingarinnar. Gámasvæðið er um 100 m² að stærð og hámarkshæð gámasamstæðu er 2,0 m. Girðing umhverfis gámasvæðið er 1,8 m að hæð.



Mynd 10. Afgirt gámasvæði norðan skólans.

2.7 Veitur

2.7.1 Rafmagn og vatn

Norðurorka hf. sér svæðinu fyrir rafmagni, neysluvatni og heitu vatni.

Samráð skal haft við Akureyrarbæ og Norðurorku vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og möguleika á færslu lagna.

2.7.2 Fráveita

Öll mannvirki tengist fráveitukerfi Akureyrar sem dótturfyrirtæki bæjarins Norðurorka hf. á og þjónustar. Kerfið er í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

Samráð skal haft við Akureyrarbæ og Norðurorku hf. vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og möguleika á færslu lagna.

2.8 Skilti

Skilti innan skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við *Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar* frá 6. júní 2011.

3 Almennir skilmálar

3.1 Almenn

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

Í gildi eru almennir byggingarskilmálar Akureyrarbæjar frá 2006.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

Vakin er athygli á byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjastjórn 12. júní 2001.

Við hönnun bygginga skal gengið út frá reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð nr. 112/2012 eða samkvæmt ákvæðum sem Akureyrarbær setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi. Við hönnun sorpgeymslna skal taka mið af flokkun sorps og gera ráð fyrir nægjanlegum aðstæðum og rými þannig að samræmist verklagsreglum Akureyrarbæjar.

3.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

3.6 Umhverfisáhrif

Deiliskipulag lóðar Verkmenntaskólans á Akureyri og nærumhverfis fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru viðbyggingar við skólann, bygging íþróttahúss og verknámshúss, stækkun bílastæða auk íþróttasvæðis og almenningsgarðs á suðurlóð skólans. Metin eru möguleg umhverfisáhrif þessara framkvæmda.

Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi neikvæð umhverfisáhrif. Mesta inngripið er bygging íþróttahúss og verknámsbyggingar en um er að ræða fremur stórar byggingar að grunnfleti. Byggingarnar munu rísa um 9 m upp fyrir núverandi landhæð en þar sem fremur rúmt er umhverfis byggingarnar er ekki talið að þeim fylgi veruleg skuggamyndun eða að þær hafi veruleg neikvæð áhrif vegna áskýndar.

Skv. deiliskipulagi er verið að búa til almenningsgarð og útivistarsvæði sem hefur jákvæð umhverfisáhrif fyrir nemendur sem og íbúa í hverfunum umhverfis sem geta nýtt sér svæðið til yndis og útivistar.

Öll starfsemi skólans verður á sama stað skv. uppbyggingu í deiliskipulag og hefur það jákvæð umhverfisáhrif í formi minni aksturs nemenda sem sumir þurfa í dag að fara á milli bæjarhluta til að sækja kennslu. Nefna má að bifvélavirkjun er kennd í Glerárhverfi og öll íþróttakennsla fer fram í íþróttahöllinni á Akureyri.

Þá er verið að skapa betra rými og aðstöðu fyrir nemendur með stækkun samkomusals og bókasafns sem mætti telja jákvæð umhverfisáhrif.

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulags hafi neikvæð umhverfisáhrif en jákvæð umhverfisáhrif eru möguleg vegna fyrirhugaðs almenningsgarðs, betri aðstöðu fyrir nemendur sem öll verður staðsett á sama stað.

4 Sérákvæði

4.1 *Almennt*

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þá húsagerð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

4.2 *A – Viðbyggingar við núverandi skóla*

Heimilt er að byggja við núverandi skólahús til suðurs, en viðbyggingar skulu vera innan þess byggingarreits sem sýndur er á deiliskipulagsupprætti.

Núverandi skólahúsnæði er 14.340 m² en með fyrirhuguðum viðbyggingum er heimilt að hafa heildarbyggingarmagn innan byggingarreits 15.500 m². Viðbyggingar skulu vera á einni hæð og skulu viðbyggingar vera í álíka byggingarstíl og þær byggingar sem þær tengjast.

Hámarkshæð viðbygginga innan byggingarreits er 5,5 m yfir gólfkóta.

Mögulegar útfærslur viðbygginga má sjá í köflum 2.1.3 – 2.1.6.

Loftræstitúður og búnaður ásamt öðrum óverulegum hlutum viðbygginga mega ná hærra en uppgefin hámarkshæð.

Aðkoma neyðarbíla er meðfram hliðum skólans og fyrirhugaðra viðbygginga.

4.3 *B – Nýbygging – verknám*

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingu á einni hæð með grunnfleti að hámarki 1.000 m². Milliloft er heimilt í hluta byggingar en heildargólfflatarmál skal að hámarki vera 1.500 m².

Leiðbeinandi þakform er flatt þak en hæð byggingar skal að hámarki vera 9,0 m frá gólfkóta.

Aðkoma neyðarbíla er meðfram hliðum byggingar. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

4.4 *C – Nýbygging – íþróttahús*

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingu á einni hæð með grunnfleti að hámarki 1.500 m². Milliloft er heimilt í hluta byggingar en heildargólfflatarmál skal að hámarki vera 1.800 m².

Leiðbeinandi þakform er flatt þak en hámarkshæð byggingar skal að hámarki vera 11,0 m frá gólfkóta. Gert er ráð fyrir að íþróttahúsið verði niðurgrafið um allt að 2,0 m frá núverandi yfirborðshæð og því muni húsið rísa um 9,0 m yfir núverandi yfirborðshæð.

Aðkoma neyðarbíla er meðfram hliðum byggingar. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

5 Húsakönnun

Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar samhliða vinnu við deiliskipulag. Við gerð deiliskipulags eldri hverfa ber samkvæmt skipulagslögum að láta fara fram húsakönnun.

Samkvæmt skipulagslögum skal við gerð deiliskipulags í þegar byggðu hverfi lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð húsakönnunar (37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010).

Húsakönnun þessi nær einungis til bygginga Verkmenntaskólans á Akureyri við Hringteig 2.

Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984 í nýju húsnaði skólans við Hringteig á Eyrarlandsholti. Fyrsti áfangi skólans var tæplega 1.200 m² en síðan hafa verið byggðir 10 áfangar og er heildarstærð skólans nú rúmlega 14.000 m².

²Árið 1978 lögðu bæjaryfirvöld á Akureyri til að Verkmenntaskólinn yrði byggður upp á svæði sunnan Suðurbyggðar og vestan Þórunnarstrætis og að svæðið yrði skipulags sem slíkt.

Skipulagsnefnd Akureyrar réð Geirharð Þorsteinsson, arkitekt, til að gera leiðsöguáætlun að skipulagi svæðisins með sérstöku tilliti til byggingar Verkmenntaskóla á svæðinu, sem og hann gerði. Í lok árs 1979 sótti byggingarnefndin formlega um lóð fyrir skólann eftir áætlun Geirharðs sem bærarstjórn hafði samþykkt.

Strax í upphafi var ákveðið að hafa bygginguna alla á einni hæð þar sem þjónusturými (bókasafn – nemendaaðstaða – mótuneyti) mynduðu einhvers konar „hryggjarsúlu“. Norðan við þjónusturýmið kæmu skálar fyrir verklega kennslu, en sunnan þess almennar kennslustofur og aðstaða fyrir stjórnendur og kennara. Hver álma er sjálfstæð eining en vegna þess var hægt að áfangaskipta framkvæmdum og taka hvern áfanga í notkun að lokinni smíði.

Þjónusturými í miðjunni er með flötu þaki en skálar til norðurs eru með tvíhalla þaki og risi og álmur til suðurs frá miðrýni eru með tvíhalla þaki. Kjallari eru undir hluta skólabygginga.

1. áfangi skólans var um 1.200 m² og var hann tekinn í notkun í byrjun skólaárs 1984. Síðan þá hafa verið byggðir 9 áfangar af skólahúsnaði innan lóðarinnar og var sá síðasti tekin í notkun árið 2010.

Byggingarnar eru allar í sama stíl og hannaðar af Geirharði Þorsteinssyni arkitekt og syni hans Þorsteini Geirharðssyni arkitekt. Geirharður hannaði fyrstu sjö áfanga skólans en Þorsteinn síðustu þrjá áfangana.

² Upplýsingar fengnar af heimasíðu Verkmenntaskólans á Akureyri; Úr byggingarsögu skólans: http://thor.vma.is/saga-vma/Part2/2-03.html#_ftnref36

Hringteigur 2 – Verkmenntaskólinn á Akureyri



<i>Byggingarár:</i>	1982-2010	<i>Hönnuðir:</i>	Geirharður Þorsteinsson og Þorsteinn Geirharðsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Steinsteypa með steinaðri áferð
<i>Þakgerð:</i>	Tvíhalla, flatt	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Einlyft, ris og kjallari að hluta
<i>Notkun:</i>	Skóli		

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Talið er að skólabyggingarnar hafi nokkuð umhverfisgildi staðsettar á þessum áberandi stað.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Skólabyggingarnar er óbreyttar frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ekki er talið að varðveislugildi skólabygginganna sé verulegt.